

Álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 29. október 2015 gaf kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-68/2015:

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 27. ágúst sl. bað X, hér eftir einnig nefnd álitsbeiðandi, um álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna galla sem hún telur vera á fartölvu, sem hún keypti af Y, hér eftir einnig nefnt seljandi. Álitsbeiðandi krefst þess að seljandi framkvæmi úrbætur á tölvunni, sér að kostnaðarlausu.

II

Málsmeðferð kærunefndarinnar

Með bréfi, dags. 10. september sl., gaf kærunefndin seljanda kost á andsvörum og frest til þess að skila þeim til 24. september. Hvorki andsvör né frekari gögn bárust nefndinni. Með bréfi, dags. 18. október, var aðilum tilkynnt að kærunefndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Í álitsbeiðni og gögnum sem henni fylgdu kemur m.a. fram að hinn 18. janúar 2013 keypti álitsbeiðandi fartölvu af gerðinni Asus F501A-XX121V af seljanda fyrir kr. 69.990. Hinn 2. ágúst sl. „dó tölvan“ að sögn álitsbeiðanda og fór hún með tölvuna í viðgerð hjá seljanda hinn 5. ágúst. Þegar álitsbeiðandi sótti tölvuna hinn 10. ágúst var henni tjáð að móðurborð tölvunnar væri ónýtt og að viðgerð myndi kosta rúmar kr. 50.000. Segir álitsbeiðandi að henni þyki þetta léleg ending á tölvu og að það að móðurborð tölvunnar gefi sig eftir aðeins 2 ára og 6 mánaða notkun bendi til að það sé gallað. Segir álitsbeiðandi að seljandi hafi og neitað að koma til móts við hana með afslætti af kaupverði nýrrar tölvu, eða með afslætti af viðgerð á þeirri gömlu.

Sem fyrr segir krefst álitsbeiðandi þess að seljandi lagfæri tölvuna álitsbeiðanda að kostnaðarlausu. Meðfylgjandi álitsbeiðni er afrit af reikningi fyrir kaupum á tölvunni, ásamt afriti af þjónustureikningi vegna bilanagreiningar á tölvunni, dags. 10. ágúst sl. Þar kemur fram að tölvan hafi verið tekin í sundur, að kæling hennar hafi verið „stútfull“ af ryki og að móðurborðið sé ónýtt.

IV

Niðurstaða kærunefndarinnar

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og seljanda falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. lög nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa. Ágreiningur aðila fellur undir nr. 48/2003 um neytendakaup.

Seljandi hefur ekki sent kærunefndinni andsvör og verður að því er atvik málsins varðar að byggja á því sem kemur fram í þeim gögnum sem álitsbeiðandi hefur sent nefndinni.

Eins og að framan er rakið keypti álitsbeiðandi fartölvu af gerðinni Asus F501A-XX121V af seljanda hinn 18. janúar 2013 fyrir kr. 69.990. Rúmum 2 árum og 6 mánuðum síðar, eða 2. ágúst sl. bilaði tölvan. Fór álitsbeiðandi með tölvuna í viðgerð hjá seljanda. Þar kom í ljós að móðurborð tölvunar var ónýtt og að kostnaður við viðgerð yrði rúmar kr. 50.000. Álitsbeiðandi telur að móðurborðið hljóti að hafa verið haldið galla og krefst þess að seljandi lagfæri tölvuna álitsbeiðanda að kostnaðarlausu. Því mun seljandi hafa hafnað.

Um galla er fjallað í 15. og 16. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup. Í a-lið 1. mgr. 16. gr. segir að söluhlutur teljist gallaður ef „hann sé ekki í samræmi við þær kröfur sem fram koma í 15. gr.“ Í b-lið 2. mgr. 15. gr. segir að söluhlutur skuli „hafa þá eiginleika til að bera sem neytandinn mátti vænta við kaup á slíkum söluhlut að því er varðar endingu og annað.“ Söluhlutur telst þó ekki gallaður nema gallinn sé „hvorki sök neytanda né stafar af aðstæðum sem hann varða“ eins og segir í 1. mgr. 26. gr. laganna.

Ekki er um það deilt að móðurborð í tölvu þeirri er álitsbeiðandi keypti hinn 18. janúar 2013 er ónýtt. Hlutlægt séð er tölvan því haldin galla í skilningi 16. gr. laganna, sbr. 15. gr. sömu laga. Í 2. mgr. 18. gr. laganna er að finna reglu um sönnun á galla. Þar segir m.a.: „Ef annað sannast ekki skal galli, sem upp kemur innan sex mánaða frá því tímamarki þegar áhættan af söluhlut fluttist yfir til neytanda, talinn hafa verið til staðar á því tímamarki þegar áhættan af söluhlut fluttist yfir til neytanda.“ Samkvæmt framangreindu lagaákvæði hvílir sönnunarbyrðin fyrir því að tölvan sé ekki haldin galla á seljanda fyrstu 6 mánuðina eftir að kaup fara fram. Að þeim tíma liðnum færast sönnunarbyrðin yfir á neytanda, í þessu tilviki álitsbeiðanda. Umrædd bilun kom fram 2 árum og 6 mánuðum eftir kaupin. Engin gögn hafa verið lögð fyrir kærunefndina sem benda til þess að galli í móðurborði í fartölvu álitsbeiðanda hafi valdið því að það bilaði, rúmum 2 árum og 6 mánuðum eftir kaup. Raunar bendir sú staðreynd að tölvan var full af ryki til þess að tölvan hafi þar af leiðandi átt erfitt með að kæla sig, sem aftur gæti hafa leitt til þess að móðurborð tölvunnar gaf sig.

Verður því ekki annað séð en að umræddur galli sé sök álitsbeiðanda eða stafi af aðstæðum sem hann varði í skilningi áður nefndrar 1. mgr. 26. gr. laganna. Þegar af þeim sökum verður að hafna kröfum álitsbeiðanda.

V

Álitsorð

Kröfum álitsbeiðanda, X, er hafnað.

Pétur Örn Sverrisson
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir